

Tollstjóraembættið
Tryggvagötu 19
101 Reykjavík



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 16.11.2011
Tilv. 2011/0114 - 5.6.04
ESÓ

Efni: Varðandi ákvörðun Neytendastofu nr. 67/2011

Neytendastofa vísar til erindis Tollstjóra, dags. 7. janúar 2011, varðandi frestun tollafgreiðslu vörusendingarinnar „E BRU 03 01 1 DE HAM R004“.

Hjálagt fylgir afrit af ákvörðun Neytendastofu nr. 67/2011 þar sem stofnunin hefur tekið ákvörðun um að sá hluti fyrrgreindrar vörusendingar sem fellur undir markaðseftirlit Neytendastofu skuli ekki afhent til frjálsrar dreifingar, sbr. reglugerð nr. 237/1996, sbr. og ákvæði laga nr. 134/1995 og laga nr. 146/1996, með síðari breytingum.

Í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 339/93/EBE, um eftirlit með samræmi reglna um öryggi framleiðsluvara sem fluttar eru inn frá þriðja landi eins og framangreind reglugerð ráðsins er innleidd hér á landi með reglugerð nr. 237/1996, segir m.a:

„Ef yfirvöld innanlands sem bera ábyrgð á markaðseftirliti komast að því að viðkomandi framleiðsluvara er ekki í samræmi við gildandi reglur bandalagsins eða innlendar reglur um öryggi framleiðsluvara skulu þau gera viðeigandi ráðstafanir, sem geta ef nauðsyn krefur falið í sér bann við því að framleiðsluvaran verði sett á markað í samræmi við þessar reglur. Í þeim tilvikum sem markaðssetning er bönnuð skulu þau fara fram á við tolfyfirvöld að þau setji eina af eftirtöldum merkingum á vörureikninginn sem fylgir framleiðsluvörunni og á öll önnur fylgiskjöl sem máli skipta:“

„Vara er ekki í samræmi – óheimilt að setja í frjálsa dreifingu – reglugerð (EB) nr. 339/93“

„Product not in conformity—Release for free circulation not authorized—Regulation (EEC) no 339/93“,... .“

Með hliðsjón af framangreindu fer Neytendastofa fram á að varan „Fog Machine“ verði ekki tollafgreidd og að vörureikningur og önnur fylgiskjöl hljóti meðferð í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar ráðsins nr. 339/93/EBE eins og hún er innleidd hér landi með reglugerð nr. 237/1996, um eftirlit með samræmi reglna um öryggi framleiðsluvara sem fluttar eru inn frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Í tengslum við að ákvörðun Neytendastofu um bann við afhendingu á vöru hefur sú skylda verið lögð á innflytjanda að senda vöruna úr landi eða eyðileggja öll eintök vörunnar með öruggum hætti, sbr. 22. gr. laga nr. 134/1995. Eyðilegging vörunnar skal fara fram undir tolleftirliti.

Virðingarfallst
f.h. Neytendastofu

Eva Sigrún Óskarsdóttir
Eva Sigrún Óskarsdóttir